



Fundargerð

Efni :	229. stjórnarfundur Lagnafélags Íslands.
Fundarstaður:	Orkustofnun.
Dagsetning:	19. 03. 2013
Tími:	15:50
Fundarmenn:	Guðni A Jóhannesson (GAJ), Kristján Ottósson (KO), Grétar Leifsson (GL), Benedikt Jónsson (BJ)
Boðuð forföll:	Steinar Gíslason (SG), Kristján Kristjánsson(KK), Þór Gunnarsson (ÞG), Einar H. Jónsson (EHJ).

Fyrir fundinum lá dagskrá í 7 liðum.

1. Setning fundarins, Guðni A Jóhannesson formaður.

GAJ setti fundinn kl. 16:05.

2. Fundargerð 228 frá 25. febrúar 2013.

Fundargerð 228 var borin upp og samþykkt án athugunarsemda.

3. Skjöldur frá ASHREA.

KO sýndi virðulegan skjöld sem ASHREA sendi sem viðurkenningu á starfi LAFÍ í gegnum árin. Á skildinum var skrifað ICEVAC, viðurkenningin var fyrir störf okkar í „half a century“ eða 50 ár. KO mun varðveita skjöldinn hjá sér. KO upplýsti að við erum meðlimir hjá ASHRAE án þess að borga fyrir það og fengjum við send ýmis blöð frá þeim þ.á.m. gula bók sem KO sýnir okkur á aðalfundi.

4. Aðalfundur 2013.

Rætt var um að uppstillingarnefnd væri skipuð eftirtöldum frkv.stj. KO, fráfarandi formanni GAJ og Guðmundi Halldórssyni GH. Tillaga var að fundurinn verði haldinn þann 10. apríl n.k. og KO myndi skoða með húsnæði. GAJ stakk upp á að hann myndi flytja 10-15 mín erindi um væntanlega olíuleit við Ísland til þess að gefa fundinum meira vægi.

5. Lagnakerfamiðstöð Íslands.

Kyrrestaða eins og er. Beðið eftir viðbrögðum frá Tækniskólanum.

6 Ráðstefna í haust.

KO lagði fram drög að ráðstefnu í haust. Umræðugrundvöll. Rætt var um handbók og skoðunarhandbók. (BJ) upplýsti að áhugi væri á að ráðgjafar kæmu að undirbúningi og framkvæmda að handbókum fyrir Mannvirkjastofnun en málið væri ennþá á umræðustigi. LAFÍ styður slíkt framtak en kemur að öðru leiti ekki að málinu að sinni. GL lagði áherslu á nálgun á þessari ráðstefnu

að hún væri jákvæð en ekki á þeim nótum að allir lagnamenn væru með allt sitt í grænum sjó. Rætt var um að fáir ef enginn héraendis hefði tök á öllum þáttum í stórum og flóknum lagnakerfum.

7. Greinar í Fréttabréfið.

KO óskaði eftir greinum í Fréttabréfið.

Fleira var ekki rætt og sleit GAJ fundi um kl. 17:30.

Grétar Leifsson fundarritari.